

REGLUGERÐ

um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1995/1996.

Leyfilegur heildaraflí.

1. gr.

Veiðiheimildir krókabáta á fiskveiðiárinu 1995/1996 skulu við það miðast að þorskaflí þeirra fari ekki yfir 21.000 lestir af þorski, miðað við óslægðan fisk. Auk þess skal Byggðastofnun hafa til ráðstöfunar þorskaflahámark sem nemur 500 lestum miðað við óslægðan fisk.

Almennt veiðibann.

2. gr.

Allar veiðar eru krókabátum bannaðar í desember og janúar svo og í sjö daga um páska og verslunarmannahelgi sbr. 8. gr. Þá eru allar veiðar krókabáta bannaðar aðra og fjórðu helgi hvers mánaðar auk föstudaga á undan hvorri helgi.

Val um þorskaflahámark eða viðbótarbanndaga.

3. gr.

Eigendum krókabáta skal gefinn kostur á að velja milli þess að stunda veiðar með þorskaflahámarki samkvæmt 4. gr. og þess að stunda veiðar með viðbótarbanndögum samkvæmt 5. gr.

Val skv. 1. mgr. er bindandi en þó skal eigandi krókabáts, sem velur krókaleyfi með þorskaflahámarki, eiga kost á því að velja krókaleyfi með sóknardögum á fiskveiðiári því sem hefst 1. september 1996.

Eigendur skulu tilkynna val sitt til Fiskistofu eigi síðar en 1. ágúst 1995. Velji eigandi báts ekki fyrir tilskilinn frest skal báti hans úthlutað krókaleyfi með viðbótarbanndögum.

Þorskaflahámark.

4. gr.

Sameiginlegt þorskaflahámark þeirra báta sem velja að stunda veiðar með þorskaflahámarki skal nema sama hlutfalli af 21.000 lestum sbr. 1. gr. og nam samanlagðri hlutdeild þeirra í heildarþorskafla krókabáta á almanaksárinu 1994.

Þorskaflahámarki samkvæmt 1. mgr. skal skipt á einstaka báta á grundvelli veiðireynslu viðkomandi báts almanaksárin 1992, 1993 og 1994. Skal við þá skiptingu taka tvö bestu árin varðandi þorskafla hvers báts og reikna meðalþorskafla bátsins á þeim árum.

Sá hluti reiknaðs meðalþorskafla hvers báts, sem er umfram 50 lestir skal margfaldaður með stuðlinum 0,7 og skal þannig umreiknaður meðalafli lagður til grundvallar hlutfallslegri skiptingu sameiginlegs þorskaflahámarks milli einstakra báta.

Við ákvörðun þorskaflahámarks skal ekki tekið tillit til frátafa frá veiðum á viðmiðunar tímabilinu.

Viðbótarbann dagar.

5. gr.

Sameiginlegur hámarksafli þeirra báta, sem velja viðbótarbann daga, skal vera sama hlutfall af 21.000 lestum af þorski og nam samanlagðri hlutdeild þeirra í heildarþorskafla krókabáta á almanaksárinu 1994.

Sameiginlegum hámarksafla samkvæmt 1. mgr. skal skipt þannig hlutfallslega á einstök veiðitímabil:

1. tímabil; september - nóvember:	24%
2. tímabil; febrúar - apríl:	11%
3. tímabil; maí - júní:	32%
4. tímabil; júlí - ágúst:	33%

Hafi þorskaflí þeirra báta, er viðbótarbanddaga velja, farið fram úr fyrrgreindu hámarki á einhverju tímabili fiskveiðiársins 1994/1995 skal banddögum á sama tímabili á fiskveiðiárinu 1995/1996 fjölgað. Í því sambandi skal reikna meðalafla á dag á viðkomandi tímabili fiskveiðiársins 1994/1995 og finna viðbótarbanddaga með því að deila þeirri tölu í viðkomandi umframafli. Skal banddögum fjölgað um heila daga og broti sleppt.

Viðbótarbanddagar skulu falla á þær helgar sem veiðar eru ekki bannaðar samkvæmt 2. gr. og síðan bætast framan við fasta banddaga á viðkomandi tímabili. Skal viðbótarbanddögum skipt eins jafnt niður og unnt er. Fyrstu sjö viðbótarbanddagarnir á fyrsta tímabili skulu þó vera í lok tímabilsins.

Sóknardagar.

6. gr.

Frá og með 1. febrúar 1996 skal bátum, sem fengið hafa krókaleyfi með viðbótarbanddögum samkvæmt 5. gr. úthlutað ákveðnum fjölda sóknardaga innan hvers veiðitímabils. Skal útgerð skips ráða hvaða dagar innan veiðitímabils teljist sóknardagar.

Fjöldi sóknardaga skal ákveðinn þannig að sókn sé heimil á 34% færri dögum á hverju tímabili en leitt hefði af reiknuðum viðbótarbanddögum samkvæmt 5. gr.

Takmarkanir á línuveiðum.

7. gr.

Óheimilt er að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala af línu ef einn er í áhöfn báts en 20 bala ef tveir eða fleiri eru í áhöfn báts. Miðað er við að 500 krókar séu á línu í hverjum bala. Takmarkanir þessar taka ekki til báta, sem velja þorskaflahámark.

Aðrar veiðar krókabáta.

8. gr.

Á banddögum sbr. 2. gr., viðbótarbanddögum sbr. 5 gr. og utan sóknardaga sbr. 6. gr. eru allar veiðar bannaðar. Þá er krókabátum, sem náð hafa þorskaflahámarki sínu bannað að stunda allar veiðar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ráðherra veitt undanþágu frá banni þessu með sérstökum leyfum til veiða á botndýrum með plógum og gildrum svo og til hrognkelsaveiða í net.

Þorskaflí sem fæst við veiðar samkvæmt 2. mgr. reiknast til þorskaflahámarks.

Fái bátur, sem krókaleyfi hefur með sóknardögum, leyfi samkvæmt 2. mgr. er honum óheimilt að nýta sóknardaga þann tíma, sem leyfið gildir. Velji eigandi þann kost að nýta leyfið ekki allan gildistíma þess, skal hann tilkynna til Fiskistofu hvenær hann hættir að nýta leyfið og er honum eftir það heimilt að nýta sóknardaga bátsins.

Landi krókabátur skv. 4. mgr. á þeim tíma, sem hann stundar veiðar samkvæmt sérstöku leyfi sbr. 2. mgr., afla í kvótabundnum fisktegundum í þeim mæli, að óeðlilegt sé að mati Fiskistofu skal Fiskistofa áætla á bátinn sóknardaga í samræmi við afla hans, sem dragast frá leyfilegum sóknardagafjölda.

Nýti bátur leyfi, samkvæmt 2. mgr. til þess að veiða aðrar tegundir en leyfið miðast við, þannig að ljóst er að um misnotkun er að ræða, skal báturinn sviptur leyfinu.

Skilgreining á sóknardegi.

9. gr.

Við útreikning sóknardaga telst hver sólarhringur eða hluti hans, sem líður frá því að bátur lætur úr höfn til veiða til þess er hann kemur til hafnar til löndunar, einn sóknardagur. Sólarhringur telst í þessu sambandi tíminn frá kl. 00.00 til kl. 24.00.

Stöðvun veiða.

10. gr.

Óheimilt er bátum sem krókaleyfi hafa með banndögum og viðbótarbanndögum að vera á sjó með veiðarfæri þegar banndagar eða viðbótarbanndagar standa yfir. Sama gildir utan sóknardaga fyrir báta, sem krókaleyfi hafa með sóknardögum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að flytja báta milli hafna með veiðarfæri um borð, enda sé slíkur flutningur fyrirfram tilkynntur Fiskistofu.

Fari bátur á sjó án veiðarfæra á því tímabili, sem um ræðir í 1. mgr. skal eigandi hans tilkynna það fyrirfram til Fiskistofu.

Endurnýjun krókabáta.

11. gr.

Um endurnýjun krókabáta gilda ákvæði 11.-18. gr. reglugerðar, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996, eftir því sem við á.

Heimilt er að flytja krókaleyfi með þorskaflahámarki tveggja eða fleiri krókabáta til eins báts, sem þá fær krókaleyfi með því þorskaflahámarki sem er hærra eða hæst.

Heimilt er að flytja krókaleyfi með viðbótarbanndögum eða sóknardögum tveggja eða fleiri báta til eins báts sem þá hlýtur sams konar krókaleyfi.

Sé krókaleyfi með viðbótarbanndögum og krókaleyfi með þorskaflahámarki flutt til eins báts skal eigandi velja, hvort báturinn hlýtur krókaleyfi með viðbótarbanndögum eða þorskaflahámarki. Velji eigandi krókaleyfi með þorskaflahámarki skal bátnum úthlutað krókaleyfi með sama þorskaflahámarki og sá bátur hafði er krókaleyfi lét. Velji eigandi krókaleyfi með viðbótarbanndögum fellur þorskaflahámarkið niður.

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Ráðherra tilgreinir með sérstakri auglýsingu banndaga, viðbótarbanndaga og fjölda sóknardaga. Þá setur ráðherra nánari reglur um sóknardag og framkvæmd eftirlits með þeim.

13. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um gjald vegna ólögmeats sjávaraflla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast gildi 1. september 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júlí 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.